

Virði landbúnaðarafurða


Hvert er það?

Hvert fer það?


Landsýn 2018

Jóhannes Sveinbjörnsson, Landbúnaðarháskóla Íslands

Framleiðsluvirði landbúnaðarins (grunnverð) var 66,0 ma. kr. árið 2016 og skiptist þannig eftir greinum:




Ráðstöfun framleiðsluvirðisins 2016



Þá er aðeins hálf sagan sögð...

- ...og ekki það
- Um verðmyndun íslenskra landbúnaðarafurða frá haga til maga er lítið til af opinberum gögnum
- Sem er mjög miður
- En tökum þó dæmi:

Verðmyndun lambakjöts árið 2012



Árin 2016 og 2017 varð svo hrun (samtals 35-40%) á verði til bænda

Mynd 18. Skipting innanlands markaðsverðsins (1.380 kr./kg, 2012) á helstu atvinnugreinar. Byggt á tölum Hagstofu Íslands ársins 2012 framreiknað til 2014

Úr skýrslunni „Markmið og forsendur sauðfjársamnings“. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Vífill Karlsson o.fl., 2015

Hlutur bænda í verðmyndun

- Ólíkar búgreinar standa misvel hvað þetta varðar
- Þær sem eiga auðveldara með að laga framboð að eftirspurn hverju sinni standa betur
 - dæmi: kjúklingarækt –stuttur feril – fáir framleiðendur
 - slátrun árið um kring
- Fyrirkomulag opinbers stuðnings getur haft veruleg áhrif á þetta jafnvægi
- Offramboð af einni kjöttegund hefur líka áhrif á aðrar

Opinber stuðningur við landbúnað á Íslandi

(Heimild: Daði Már Kristófersson, 2016)

- Beinn stuðningur til bænda um 13 milljarðar
- Tollvernd: munur á áætluðu innflutningsverði og innlendu verði er 6-8 milljarðar á ári
- Heildarframleiðslustuðningur árið 2015 sem hlutfall af tekjum bænda (PSE-gildi) var skv. OECD :
 - 58% í Noregi
 - 44% á Íslandi
 - 18% í Evrópusambandinu

Það kostar meira að framleiða hér en flytja inn– í hverju liggur virði Íslensks landbúnaðar?

Nokkrar ástæður stuðnings:

- Fæðuöryggi: Næg, holl fæða er undirstaða alls
- Matvælaöryggi: Fæðan þarf líka að vera örugg til neyslu
- Byggðamál: Afar mikilvægt – en illa skilgreint
- Menning/menningarlandslag: Mikil verðmæti, tekjuskapandi
- Umhverfisálag: drögum úr því með því að framleiða fæðuna hérlendis
- Þetta snýst sem sagt um fleira en matinn sjálfan
- En stuðningurinn er samt að mestu tengdur honum

Beini stuðningurinn

- Erum að mjakast frá framseljanlegum stuðningi (bundnum kvótakerfi í mjólkurframleiðslu, en ekki í sauðfjárrækt) yfir í:
 - Greiðslur á framleitt kg kjöts/líttra mjólkur
 - Gripagreiðslur (á haus)
 - O.fl.
- Framseljanlegi stuðningurinn endar að drjúgum hluta hjá fyrrverandi bændum og fjármálastofnunum
- Stuðningsformin sem verið er að fara yfir í eru ekki framseljanleg – nýtist búgreininum betur
- En beini stuðningurinn er ennþá að langmestu leyti bundinn nautgriparækt og sauðfjárrækt

Í kjúklinga- og svínarækt er tollvernd veruleg

- Hún virkar allvel sem stuðningur við þessar greinar vegna þess að erlent heildsöluverð er mun lægra en innlent

Tafla 1. Verð- og magnbreytingar á kjöti 1993-2013. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands

	Verðbreytingar	Magnbreytingar (neysla á mann)
Svínakjöt	-50%	78%
Nautakjöt	-17%	14%
Alifuglakjöt	-54%	362%
Kindakjöt	0%	-33%

Garðyrkjan

- Árið 2002 foru felldir niður tollar á papriku, gúrku og tómata en teknar upp beinar greiðslur í staðinn
- Einnig niðurgreiðslur á rafmagni
- Þessi breyting hefur verið talin skila hagræðingu, ekki síst til neytenda
- Markaðshlutdeild þessara tegunda miðað við innflutt minnkaði til að byrja með en hefur vaxið hin síðari ár
- Neytendur eru tilbúnir að borga meira fyrir íslenskt grænmeti (af þessum tegundum) en influtt

Heimild: Aðlögunarsamningur ríkis og garðyrkjubænda 2002-2012. Skýrsla C02:13. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Eru breytingar á stuðningsformi í mjólk og lambakjöti til góðs?

- Margt jákvætt við það í hvaða átt greiðslurnar eru að þróast, nema:
- Þær eru alltof bundnar búgreinum
- Gerir það mjög erfitt að sveigja framleiðsluna að eftirspurn
- Bændur valdalausir í verðmyndunarferlinu
- Ef sauðfjárbóndi vill draga úr sauðfjárræktinni og snúa sér að t.d. hrossarækt, landgræðslu eða ferðaþjónustu í einhverjum mæli, tapar hann stuðningsgreiðslum sem því nemur
- Þessar greinar geta verið jafn hliðhollar byggð, menningu og umhverfi eins og sauðfjárræktin, og að skipta yfir í þær dregur ekki úr matvæla- og fæðuöryggi við þær aðstæður sem við búum við í dag



„Betra er að vægjast til virðingar en bægjast til stórvandræða“

- Það eru næg rök fyrir því að standa vörð um íslenskan landbúnað og íslenskar byggðir
- En við vinnum bara markvisst að sumu af þessu:
 - Við stuðlum t.d. að **matvælaöryggi** m.a. með því að tollvernda íslenska kjúklingarækt sem er undir strangara heilbrigðiseftirliti en víðast þekkist
 - Almennt vinnum við vel að því að tryggja **fæðuöryggi**, erum sjálfum okkur nóg og vel það með flest matvæli sem hægt er að framleiða héraendis
 - En varðandi aðra þætti (**byggðamál, menningu, umhverfi, ...**) er fókusinn óskýrari....

„Svo er hver virtur sem hann er girtur“

- Ræktunarland þýðir fæðuöryggi – en fjölbreyttir notkunarmöguleikar
 - Byggðastuðningur mætti vera til staðar sjálfs sín vegna
 - Ferðapjónusta, öryggismál, almenn þjónusta
 - Tengsl menningar, matvælaframleiðslu og ferðapjónustu
 - má setja verðmiða á
 - Viðhald og uppbygging gróðurauðlindarinnar
 - Má líka setja verðmiða á
- Ef við ætlum að halda í þessi verðmæti þurfum við að meta þau til verðs

Takk fyrir!



Landbúnaðarskóli Íslands